

Snorri, Pétur og dr. Kristján í norsku pressunni:

Norðmaðurinn alveg gáttaður

— á því að enginn lífvörður væri á Bessastöðum


Þrír nafnkunnir Íslendingar voru til umræðu í norsku blöðum fyrir helgina. Í heilsíðuviðtali í Aftenposten á fimmtudag ræðir forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, um Snorra Sturluson og verk hans í til efni þess að í ár eru liðin 800 ár frá fæðingu Snorra. Forsetinn kom til Osló sem heiðursgestur háskólans og heldur hann ræðu á fjölbreytilegri Snorrahátíð í hátíðasal háskólans í dag.

Blaðamaður Aftenposten leggur áherzlu á að forsetinn sé ekki í bði háskólans heldur fyrst og fremst í krafti embættis síns en hann sé einnig mikilvirkur vísindamaður.



Dr. Kristján.

Viðtalið er fróðlegt og læsilegt og gaman að stílbrögðum blaðamanns þegar hann ber saman ágæti forset-



Pétur.

ans og Snorra Sturlusonar. Blaðamaðurinn undrast mjög að enginn lífvörður skuli vera á Bessastöðum eða



Snorri.

á skrifstofu forsetans í Reykjavík. Þriðji Íslendingurinn sem rataði á síður norsku blaðanna var knattspyrnumaðurinn Pétur Pétursson. Ástæðan er sú að í Feyenoord leikur Norðmaðurinn Roger Albertsen og þess vegna fylgjast norsk blöð náið með framgangi liðsins. Verdens Gang, útbreiddasta blað Noregs, birti í gær fjögurra dálka mynd af því er Pétur skoraði fyrsta markið af þeim þremur sem hann skoraði gegn Malmö SF. VG segir að maður dagsins hafi verið Íslendingurinn Pétur Pétursson og bætir við að hann sé nú markahæstur í hollenzku deildakeppninni með fjórtán mörk. Blaðið klykkir út með því að segja að Pétur Pétursson sé í dag aðalumræðuefnið í hinu mikla knattspyrnulandi, Hollandi.

Íslendingar í Noregi geta því borið höfuðið hátt þessa dagana. SJ, Osló.

Hurðarbaksættin með stærsta ættarmótið

Fyrir nokkru var haldið í Félagsheimilinu Þjórðarverri eitt stærsta ættarmót innanhúss sem haldið hefur verið hér á landi.

Um 200 manns af ætt þeirra Árna Pálssonar (f. 1862) og Guðrúnar Sigurðardóttur (f. 1862), sem bjuggu að Hurðarbaki í Villingaholtshreppi, komu saman í félagsheimilinu og borðuðu þar og skemmtu sér við söng, gamanmál og dans fram eftir nóttu.

Þau Hurðarbakshjón eignuðust 13 börn og ölu upp eina fósturdóttur. Af börnum þeirra eru fjögur enn á lífi. Niðjar þeirra Árna og Guðrúnar eru orðnir rúmlega 400. Í svo stórum hópi er margt hæfileikafólk og meðal

annarra sem fram komu á ættarmótiinu voru Stefania Pálsdóttir myndlistarkona og Páll Jóhannesson söngvari, sigurvegari í hæfileikakeppni DB.

Mótsstjóri var Árni Magnússon, fyrrverandi hreppsstjóri og fjallkóngur í Flögu. Voru Hurðabekingar í sjöunda himni eftir þetta vel heppnaða kvöld og hafa ákveðið að hittast aftur að þremur árum liðnum og þá utanhúss.

- GAJ / MKH, Fyrarbakka.

Fóstursysturnar Guðbjörg Árnadóttir og Guðríður Sæmundsdóttir á góðra vina fundi.

DB-mynd Magnús Karel.



Ásgerður gerir lukku

Nafn Ásgerðar Búadóttur vefnaðarkonu er nú æ oftast nefnt þegar rætt er um helztu vefara og listiðnaðarfólk á Norðurlöndum.

Nýverið var henni falið að gera stórt teppi fyrir skrifstofu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn og nú hefur DB fengið í hendur blaðauklippur frá hinni stóru textilsýningu, Textiltiennalen, sem nú er á ferð um

Norðurlönd. Þar er Ásgerðar oft sinnis getið og mjög lofsamlega og í sumum greinum eru verk hennar notuð til að kynna sýninguna alla — en hún er ein af sex vefurum íslenzkum sem taka þátt í þessari sýningu.

Ennfremur er þess getið að hið þekkt Röhsska listiðnaðarsafn í Gautaborg hafi keypt verkið Atlantis eftir Ásgerði og er það mikill heiður.



Ásgerður Búadóttir (önnur frá vinstri) í hópi ungra veflistamanna á síðasta Textiltiennala að Kjarvalsstöðum. Þær eru frá vinstri Sigrún Guðjónsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og Ragna Róbertsdóttir. Fremst er dóttir Ásgerðar.



Sements-hólkur eða Prúðu leikararnir?

Ég veit satt að segja ekki hvað þeir voru að tala um þarna á Ráðhústorginu, Jóhann söngvari Konráðsson og Hreiðar húsverður í Amaró. En af nógu var að taka þennan dag — Sementsverksmiðjan var að steypa einhvern hólk út í Krossanesi og prúðu leikararnir í Verkamannasambandinu pinguðu á Hótel KEA...

entsverksmiðjan var að steypa einhvern hólk út í Krossanesi og prúðu leikararnir í Verkamannasambandinu pinguðu á Hótel KEA...

Fleira FÓLK

BRAGI SIGURÐSSON

Loksins ferð sem borgar sig fyrir skattborgarana

Ýmiss konar ferðalög kerfiskarla eru ekkert annað en leikur með peninga skattborgaranna. Víst er talið að ein slík ferð eigi þó eftir að borga sig fyrir það fólk.

Sveinn Þórðarson, skattstjóri Reykjanessumdæmis, Kristján Jónsson, skrifstofustjóri ríkisskattstjóra, og Friðleifur Jóhannsson, deildarstjóri hjá sama embætti, fóru fyrir nokkru á skattaráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi.

Til meðferðar voru alls konar hlunnindi í skattalegu tilliti. Voru til umræðu afnot bifreiða, friar sólarlandaferðir og vörukaup á heildsöluverði, svo eitthvað sé nefnt.

Kunnáttumenn telja þó að árangur ferðarinnar hefði orðið fljóturkari ef Ólafur H. Ólafsson í rannsóknardeild skattstjórans í Reykjavík hefði flotið með.



Raunir Alþýðublaðsritstjórans

Einvi dr. Braga og Benedikts formanns og forsætisráðherra um toppsæti krata í Reykjavík er bráðfjórugi innlegg í kosningabaráttuna.

Alþýðublaðið ætlaði að gera slagnum skil og tók viðtalið við Braga. Síðan var Benedikt beðinn um viðtalið. Ráðherrann bað um að fá að heyra viðtalið við Braga lesið fyrir sig — sem hann og fékk. Að lestrinum loknum leizt formanninum ekkert á blikuna og baðst undan viðtali. Ritstjórnin, Jón Baldvin Hannibalsson, átti svo næsta leik. Hann lét kippa viðtalinu við Braga út og niðurstaðan varð sú að kratamálagníð birti ekkert annað en þurrar upplýsingar um prófkjör — og auglýsingu um kosningaskrifstofu Benedikts.

Engir körfukjúklingar

Skipverjar á Skaftafellinu lögðu kollhúfur þegar þeir sáu tollbátinn nálgast skip sitt á ytri höfninni í síðustu viku. Auk tollvarða þekktu þeir í bátum Kristín Ólafsson tollgælstjóra og Hjalta Zóphaniasson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu. Voru þeir viðbúinir hinu versta.

Skýringin á þessari óvæntu heimsókn var sú að dómsmálaráðuneytið heldur um þessar mundir námskeið fyrir löggæzlumenn úti á landi sem einnig hafa tollgæzlu með höndum. Þótti vissara að leiðbeinendur úr ráðuneytinu kynntust sjálfir ærlegri tollskoðun áður en þeir færu að leiðbeina öðrum.

Er sagt að Kristinn tollgælstjóri hafi valið til skoðunar skip sem fyrirfram mátti treysta að ekkert ólöglegt fyndist í þrátt fyrir það að alþekkt smygskúta hefði orðið til meiri lærdóms.

Og svo er það þessi frá sveitarkeppni lækna í bridge: Eitt hjarta — tvö nýru.



Kjartan niðursoðinn

Það eru fleiri en sjömenn og stjórnmalamenn sem láta sig varða stórf Kjartans Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra. Ungur listamaður, Sverrir Ólafsson, sem á laugardag opnaði sýningu í FIM-salnum við

Laugarnesveg, gerir þennan litla skúlptúr með ásjónu ráðherrans — en ekki skal DB fullyrða með hvaða hugarfari myndin var gerð!

- DB-mynd / AI